



Borgarráð

Umsögn um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um um byggingaráform á Keldnasvæðinu í tengslum við kjarasamninga.

Á fundi borgarráðs 11. apríl sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Óskað er eftir upplýsingum um byggingaráform á Keldnasvæðinu í tengslum við kjarasamninga.“

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er svæðinu skipt í tvo hluta. Annars vegar Þ90 Keldur. Miðsvæði (M4c) og íbúðarbyggð. Fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunum og skrifstofum á miðsvæðinu. Áætluð uppbygging atvinnuhúsnæðis 50 þúsund m². Hluti aukningar atvinnuhúsnæðis er að skipulagstímabili loknu. Á efri hluta svæðisins er gert ráð fyrir íbúðarbyggð, allt að 400 íbúðum.

Hinn hluti svæðis er Þ91 Keldnaholt. Miðsvæði (M4d). Fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunum og skrifstofum á miðsvæðinu. Ekki gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði, hótelum eða matvöruverslunum. Áætluð aukning atvinnuhúsnæðis 100 þúsund m². Stærsti hluti aukningar atvinnuhúsnæðis er að skipulagstímabili loknu.

Viðræður hafa verið við ríkið um svæðið í mörg ár, en þær viðræður hafi alltaf strandað á tvennu. Í fyrsta lagi hafi ríkið viljað fá hámarksverð fyrir landið líkt og lög kveði á um og því hafi ekki gengið upp að hafa þar félagslega blöndun með ódýrara húsnæði. Þá hafi samgöngur þurft að ganga upp sem þær geri ekki miðað við stöðuna í dag. Ljóst er að marvissar samgöngur með tilkomu borgarlínu mun gera þennan kost fýsilegri.

Borgarstjóri skipaði samningarnefnd vegna viðræðna við ríkið um uppbyggingu á lóðum í eigu ríkisins í febrúar sl.. Hlutverk samningarnefndarinnar er að sinna viðræðum við ríkið um uppbyggingu á lóðum í eigu ríkisins. Þetta eru m.a. Landshelgisgæslureitur, reitur við Þjósárgötu og eftir atvikum aðrir reitir við flugvallarsvæðið, SS-reitur við Laugarnes, Keldnaland og Keldnaholt. Í viðræðunum verði markmiðið að borgin eignist viðkomandi reiti og beri ábyrgð á þróun þeirra og skipulagi, sbr. fyrri samninga um ríkislódir.

Óli Jón Hertervig

